

Bolungarvíkurkaupstaður
Jóhann Birkir Helgason
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
17 MAÍ 2010 <i>10.4.2</i>	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. maí 2010
Tilvísun: UST20100200067/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008-2020.

Vísað er til erindis sviðsstjóra framkvæmda- og rekstrarviðs Bolungarvíkur er barst 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008 – 2020.

Umhverfisstofnun tekur undir áform sveitarfélagsins um hverfisvernd.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Bolungarvíkur 2008 – 2010.

Ofanflóð


Í umfjöllun um stefnu er varðar ofanflóð kemur fram að lokið verður við gerð snjóvarnavirkja undir Traðargili og Ytragili á árinu 2010. Einnig kemur fram að skipulagið gerir ráð fyrir varnargarði undir Traðarhrynu, ytri hluta, þ.e. við Völusteinsstræti og Bakkastíg. Hæð og breidd ofangreinds varnargarðs kemur ekki fram. Í umhverfismati snjóflóðavarna kemur fram að : „*Mikilvægt er að lágmarka neikvæð áhrif varnavirkja með mótvægisáðgerðum.*“ Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í hvaða mótvægisáðgerðir er verið að vísa. Stofnunin bendir einnig á mikilvægi þess að vanda jarðvinnslu og frágang við gerð varnavirkja.


Efnistaka og úrvinnsla

Í umfjöllun um efnistöku og vinnslu kemur fram listi yfir námur samkvæmt námuskra Vegagerðarinnar. Á listanum eru alls 8 námur, þar af eru 3 námur merktar fullfrágengnar. Umhverfisstofnun telur að fullfrágengnar námur eigi ekki að vera á námulista, þær séu ekki lengur hugsaðar til efnistöku og hverfi því af listanum. Auk þeirra þriggja náma sem eru fullfrágengnar eru 3 námur sem eru hálffrágengnar og 2 sem eru ófrágengnar.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skoða hvort ekki sé ástæða til að ganga frá þessum námum þar sem nægilegt efni er umfram úr Óshlíðargöngum og því ekki þörf á ofangreindum námum.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun